

152. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. haldinn 5. desember 2007, kl. 10:00 að Austurvegi 56

Mætt : Ragnheiður Hergeirsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Örn Þórðarson, og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

1. Svar við ósk Hrunamanahrepps um urðun á fé frá Skollagróf.

Þann 29. nóvember s.l. óskaði Landbúnaðarstofnun eftir því að Sorpstöð Suðurlands tæki til urðunar 300 kindaskrokka sem til stæði að farga eftir að riða kom upp á bænum Skollagróf í Hrunamannahreppi. Á þeim tímapunkti var Sorpstöðinni fyrst kynnt að skera þyrfti niður viðkomandi fjárstofn. Einnig kom fram að Landbúnaðarstofnun hefði frá því grunur um riðu vaknaði ekki undirbúið viðunandi förgunarlausnir og að ekki lægi fyrir önnur lausn á förgun skrokka en urðun í Kirkjuferjuháleigu.

Þann 30. nóvember s.l. hélt Sorpstöðin fund og bauðst stjórnin til að taka við skrokkunum og koma þeim í brennslu hjá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja í samræmi við 3. gr. reglugerðar nr. 820/2007 um meðferð og nýtingu á slátur og dýraleyfum. Það er jafnframt í samræmi við tillögur Umhverfisstofnunar um bestu leið til förgunar á riðusmituðum skrokkum. Sorpstöðin vísaði einnig til þess að þann 22. febrúar 2007 var samþykkt að ekki yrði tekið við smituðum úrgangi framvegis. Ástæða þeirrar ákvörðunar var sú að rein 9 var tekin í notkun á sama tíma og var það vilji Sorpstöðvarinnar að halda henni lausri við hugsanleg smitefni. Sorpstöðin ber ábyrgð á urðunarsvæðinu á Kirkjuferjuháleigu og þar sem óvissa ríkir um líftíma og smitun riðu (sigvatn) taldi Sorpstöðin öruggast að leita annara lausna en urðunar við eyðingu smitefna sbr. brennslu, eins og mælt er fyrir um í greindri reglugerð.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands og fulltrúar Landbúnaðarstofnunar funduðu um málið þann 2. desember s.l. Á þeim fundi kom fram að Landbúnaðarstofnun og yfirdýralæknir höfnuðu þeim möguleika að færa skrokkana til brennslu. Taldi stofnunin aðstæður til eyðingar skrokkana ekki vera fullnægjandi. Í kjölfar fundarins aflaði Sorpstöðin sér frekari upplýsinga um málið frá Umhverfisstofnun og Landbúnaðarstofnun. Fékk Sorpstöðin afrit af bréfi Landbúnaðarstofnunar til Umhverfisstofnunar, dags. 22. nóvember s.l., þar sem fram kemur m.a. að “hugsanleg útskolun á smitefni úr skrokkum er talin nær engin og ekki talin smithætta af því skolvatni sem hugsanlega kæmi með frárennsli haugsins í viðtakann”.

Sorpstöð Suðurlands telur brennslu vera besta leiðin til eyðingu smitefna, en í ljósi umsagna viðkomandi fagaðila, þ.e. yfirdýralæknis og Umhverfisstofnunar, sem og þeirra aðstæðna sem uppi eru á jörðinni Skollagróf, telur stjórnin rétt að gera undanþágu frá stefnu Sorpstöðvar Suðurlands og verða við ósk Hrunamannahrepps og Landbúnaðarstofnunar og heimila urðun á 300 kindaskrokkum á Kirkjuferjuháleigu að þessu sinni.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands felur framkvæmdastjóra að óska eftir stefnu- og aðgerðaáætlun frá Landbúnaðar - og Umhverfisstofnun um hvernig þessar stofnanir ætla að koma að förgun smitaðs úrgangs næsta árið og svo næstu 5 ár á eftir, sérstaklega í ljósi ákvörðunar Sorpstöðvarinnar frá 22. febrúar 2007.

Ekki fleira gert og fundi lokið 11:00

...gto